

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2017

2018/EES/78/42

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1621 frá 7. september 2016 um samþykki á leiðbeiningarskjali um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eag (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/611) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eah. **32016 D 1621**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1621 frá 7. september 2016 um samþykki á leiðbeiningarskjali um tilkynningu til faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 (Stjtíð. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2016/1621, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.